



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/283
komudagur 20.11.2013


Reykjavík, 20. nóvember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum (notkun fánans), 13. mál.

Samtök atvinnulífsins taka undir markmið frumvarpsins um rýmkun á heimildum til notkunar á íslenska fánanum. Það er löngu tímabært.

Hins vegar vekja skilgreiningar á því hvað teljist íslenskt upp ákveðnar spurningar. Þar má velta fyrir sér hlutum eins og tónlist, bókum (t.d. erlendum þýðingum íslenskra verka), hönnunarvörum ofl. Þar sem hugverkið er íslenskt en afurðin sjálf (þ.e. hin raunverulegi hlutur) er framleiddur erlendis. Eins mun krafa um að matvæli hafi verið framleidd hér í amk. 50 ár leiða til mismununar milli fyrirtækja því mörg dæmi eru um fyrirtæki sem framleiða sams konar vöru þar sem eitt fyrirtæki er eldra en 50 ára en annað yngra. Æskilegt er að lagaákvæðin séu frekar opin hvað báða þessa þætti varðar.

Virðingarfyllst,


forstöðumaður.